



Endurmentun 2016

Helstu reglum og siðareglur



Hellstu keppnisreglur sem tóku gildi 2015

- ▶ 100m Skeið: Tímar eru lesnir upp af rafrænni tímatöku og jafnóðum birtir. Þeir eru þó ekki staðfestir fyrr en keppni er lokið og starfsfólk tímatöku hefur gefið staðfestingu.
- ▶ Ef dregið er ólöglega úr keppni er allur árangur felldur niður og tveggja vikna keppnisbann.
- ▶ 1 min hlé er gefið í úrslitum í T1 í hraðabreytingum. 2 min hlé er gefið í hraða töltinu.
- ▶ Knapi má aðeins keppa í einum flokki.
- ▶ T7 hestar og knapar mega **ekki** keppa í öðrum tölt greinum á sama móti
- ▶ V5 hestar og knapar mega **ekki** keppa í öðrum fjórgangsgreinum á sama móti
- ▶ Skáreimin samþykkt inn aftur. Íslensk sérregla ennþá.

Mikilvægar reglur

- ▶ Minnt er á að forritið FIPO timer skuli notað alltaf í keppni hér á landi. Það er fánlegt á bæði Ipad og Iphone og er auðvelt í notkun fyrir þuli og stjórnendur keppni og passar upp á að allir fái réttlátan tíma til að sýna sína hesta
- ▶ T3 (fleiri en einn knapi inná í einu) úrslit skulu ríða eins og í forkeppni.



Íslenskar sérreglur

- ▶ Geri knapi viljandi ógilt oftár en tvisvar sinnum á sama móti, skal árangur hans strikaður út og hann útilokaður frá frekari keppni. (Bls 30)
- ▶ Verði knapar jafnir í einhverju öðru sæti en því fyrsta og það sæti skiptir máli í annarri keppni svo sem um Íslandsmeistaratitil eða innanfélagstitil skal nota sömu aðferð, þ.e. dómara sýni sætaröðun byggða á einkunnum gefnum í úrslitum þar sem einungis má nota fyrsta sætið einu sinni. (bls 49)
- ▶ Heimilt er en ekki skylt, að bjóða upp á C úrslit í öllum hringvallargreinum íþróttakeppni, þ.e.a.s. keppni um sæti 11 til 15. Sigurvegari C úrslita færast þar með upp í B úrslit. (bls 65)
- ▶ Hafi knapi komið fleiri en einum hesti í úrslit, A eða B úrslit, skal hann ákveða á hvorum/hvaða hesti/num hann hefur keppni í úrslitum. Laus sæti í þeim úrslitum má fylla með næstu keppendum. Ef einn eða tveir eru jafnir í næsta sæti skulu þeir allir komast í þau úrslit. Sami knapi má ekki hefja keppni í bæði B og A úrslitum í sömu grein með sitthvorn hestinn. (Bls 66)
- ▶ Verði knapar jafnir í einhverju öðru sæti en því fyrsta og það sæti skiptir máli í annarri keppni svo sem um Íslandsmeistaratitil eða innanfélagstitil skal nota sömu aðferð, þ.e. dómara sýni sætaröðun byggða á einkunnum gefnum í úrslitum þar sem einungis má nota fyrsta sætið einu sinni. (bls 66)
- ▶ Keppnisréttur á tölti á Landsmótum vinnst eingöngu í keppni í T1 (bls 76)
- ▶ Sé 300m völlur til staðar er heimilt að opna langhliðar hans til sýningar á skeiði. (bls 84)
- ▶ Skáreim með stöngum er leyfð á Íslandi í gæðingakeppni og íþróttamótum sem ekki eru Worlddrinking (bls 121)



Algengar spurningar knapa

- ▶ Eru hálfstangir löglegar?
- ▶ Er krossmúll löglegur?
- ▶ Er kjálkamúll löglegur?
- ▶ Má taka skeið á 250m velli?
- ▶ Ef wr lög stangast á við séríslensk lög hvað skal gera?
- ▶ Er fótaskoðun að handahófi lögleg?





Viðbrögð við brot á reglum inná velli

- ▶ Hvað skal dómari gera ef hann sér brot inná velli?
 - ▶ Stoppa keppni og vísa manni útaf braut
 - ▶ Leyfa keppni að halda áfram og gef núll
 - ▶ Leyfa keppni að halda áfram og gefa gult spjald
 - ▶ Leyfa keppni að halda áfram og gefa rautt spjald
 - ▶ Leyfa keppni að halda áfram og kalla síðan til yfirdómar og taka sameiginlega niðurstöð
- ▶ Hvað skal gera þegar yfirdómar er tilkynnt um brot af fótaskoðunarmanni eftir keppni
 - ▶ Ræða við keppanda og fella niður einkunn
 - ▶ Ræða við keppanda og gefa gult spjald
 - ▶ Ræða við keppanda og gefa rautt spjald og vísa aðila úr keppni



Siðareglur HÍDÍ

- ▶ Hvetja hestaíþróttadómara til faglegri vinnubragða.
- ▶ Eiga að auka samkennd, samheldni og samstöðu hestaíþróttadómara almennt.
- ▶ Upplýsa um þau atriði sem félagið leggur áherslu á í samskiptum hestaíþróttadómara við keppendur, áhangendur, ritara, áhorfendur, starfsmenn og mótshaldara.
- ▶ Eiga að minnka líkurnar á áföllum og hneykslismálum



- ▶ Hestaíþróttadómarar sem starfa á Íslandi eiga að leggja við drengskap sinn að stuðla að heiðarlegri og drengilegri keppni og leggja sig fram um að efla framgang hestaíþróttakeppninnar.
- ▶ Hestaíþróttadómari skal hafa í huga eftirfarandi hugtök: ***Ósérhlífni, ráðvendni, heiðarleiki, hlutleysi og áreiðanleiki.***

Ábyrgð hestaípróttadómara gagnvart knapa og hestum

1. Hestaípróttadómara ber að láta jafnt yfir alla ganga óháð aldri, kyni, kynpáttum, kynhneigð, þjóðernis, trúarbragða, skoðana, fortíðar eða nokkrum öðrum atriðum.
2. Hestaípróttadómara ber að sýna öllum virðingu sem til keppni koma.
3. Hestaípróttadómari skal ekki veita einstaka knapa sérstaka fyrirgreiðslu á grundvelli persónulegra tengsla.
4. Hestaípróttadómari skal bera heilsu, velferð og öryggi hests og knapa fyrir brjósti.
5. Hestaípróttadómara ber að muna að keppnin er mikilvægari en þarfir einstakra knapa, þjálfara, áhangenda eða metnað einstakra dómara.
6. Hestaípróttadómara ber að líta hlutlaust á frammistöðu keppenda án þess að gera sér í hugarlund hugsanleg úrslit.
7. Hestaípróttadómari skal hafa kjark til að dæma á öll brot án tillits til stöðu keppenda, tengsla eða hugsanlegra áhrifa á framtíðarsamskipti við keppendur.
8. Hestaípróttadómari skal forðast að ræða einhverja þætti sýningar á niðrandi hátt eða láta keppendum upplýsingar í té um keppinauta





Ábyrgð hestaíþróttadómara gagnvart mótshöldurum og öðru starfsfólki mótsins

Hestaíþróttadómari skal.....

1. sýna góða þjónustulund og sinna samskiptum við mótshaldara sem og aðra starfsmenn mótsins samviskusamlega og af virðingu.
2. ávallt vera stundvís og mæta tímanlega fyrir hverja keppni.
3. ávallt vera líkamlega og andlega vel á sig kominn til að standast það álag og þær kröfur sem keppnin gerir til dómara.
4. vera öðrum fyrirmynd í snyrtimennsku og framkomu sem hæfir þeirri virðingu sem starfið á að njóta.
5. sýna riturum og samstarfsfólki virðingu.



Ábyrgð hestaíþróttadómara gagnvart sjálfum sér og öðrum dómurum

1. sinna starfi sínu af kostgæfni.
2. leggja sig fram um að þeir sinni starfi sínu og skaði ekki orðstír félagsins.
3. leggja sig fram um að viðhalda og auka þekkingu sína á keppnisreglum og leiðaranum.
4. virða og nota aðeins opinbera túlkun á keppnisreglum en ekki fara eigin leiðir.
5. fylgjast með öðrum dómurum og stefna að framförum í starfi.
6. gæta hlutleysis og ekki tala niðrandi um aðra hestaíþróttadómara hvort sem þeir eru að störfum eður ei.
7. vera ákveðinn, kurteis, virðulegur, vingjarnlegur, rólegur og ávallt reiðubúinn þegar hann er að störfum. En ekki dramblátur, hrokafullur, vinur eða félagi.
8. taka ákvarðanir í einstaka atvikum á þeim forsendum sem hann þá hefur án tillits til fyrri ákvarðana.
9. virða starf sitt og vera stétt sinni til sóma.



Viðbrögð við brotum á siðareglum HÍDÍ

- ▶ Ef vandamál koma upp er varða siðareglur þessar skal vísa málinu til stjórnar HÍDÍ. Ef einstaklingur verður þess áskynja að reglurnar hafi verið brotnar gerir hann viðvart um það með því að beina erindi til formanns stjórnar HÍDÍ. Rökstudd ásökun um brot á siðareglum má aldrei bitna á þeim sem færir hana fram.
- ▶ Hægt er að senda póst á hididomamarar@gmail.com